

# Almennir skilmálar

Fyrir rafræn skilríki gefin út undir Fullgildu auðkenni

## 1 Inngangur

Skilmálar þessir gilda fyrir notendur fullgildra skilríkja til skýringar á þeim skuldbindingum sem fullnægja þarf til að tryggja öryggi og áreiðanleika rafrænna skilríkja.

Skjalið er samið með hliðsjón af *Vottunarstefnu Auðkennis fyrir fullgild skilríki gefin út undir Fullgildu auðkenni*, áskriftarsamningum handhafa skilríkja og lögum um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001, sbr. og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

## 2 Skilgreiningar

*Treystandi*: Viðtakandi skilríkja sem treystir á þau eða rafræna undirskrift sem er staðfest með þeim. Stundum kallaður, „hagsmunaaðili“, „notandi vottorðs“ eða „notandi skilríkja“.

Að öðru leyti er skilgreiningar hugtaka að finna í *Vottunarstefnu Auðkennis fyrir fullgild rafræn skilríki gefin út undir Fullgildu auðkenni*. Lögð er áhersla á að aðilar kynni sér efni hennar. Vottunarstefnan er aðgengileg á [www.audkenni.is](http://www.audkenni.is).

## 3 Aðild og efni skilmála

### 3.1 Almenn

Skilmálar þessir ná til starfsemi Vottunarstöðvar Fullgilds auðkennis sem útgefanda rafrænna skilríkja (hér eftir nefnd vottunarstöðin) og treystenda rafrænna skilríkja sem nýta sér þjónustu vottunarstöðvarinnar. Um skyldur áskrifenda og skilríkjahafa er fjallað í áskriftarsamningum. Vottunarstöðin er í eigu Auðkennis og er rekin af félaginu.

### 3.2 Samþykki skilmála

Hagnýting rafrænna skilríkja og annarrar þjónustu vottunarstöðvarinnar jafngildir samþykki á þessum skilmálum. Þar með lýsir treystandi því yfir að hann hafi farið að þeim reglum sem hér koma fram og ekki gerst brotlegur við lög við hagnýtingu þjónustunnar.

### 3.3 Samræmi

Komi fram ósamræmi milli skilmála þessara og áskriftarsamninga sem handhafar skilríkja undirrita við móttöku skilríkjanna gilda ákvæði áskriftarsamnings gagnvart skilríkjahafanum en ákvæði skilmálanna gagnvart treystendum.

### 3.4 Gjaldtaka

Þjónusta vottunarstöðvarinnar við treystendur er þeim að hluta til að kostnaðarlausu. Afturköllunarlistar skilríkja eru aðgengilegir án endurgjalds en innheimt er samkvæmt gjaldskrá fyrir rauntíma stöðumiðlun á OSCP þjónum, sbr. grein 4.1. Vottunarstöðin áskilur sér rétt til að endurskoða ákvarðanir um gjaldtöku án fyrirvara.

## 4 Staðfesting á afturköllun skilríkja

### 4.1 Upplýsingaveita

Treystandi hefur val um tvær leiðir í upplýsingaöflun um afturkölluð skilríki; afturköllunarlista skilríkja (e. certificate revocation list) og fyrirspurn á stöðumiðlunarþjóna (OASP þjóna). Afturköllunarlistinn, sem er aðgengilegur treystendum án endurgjalds, getur innihaldið allt að 24 tíma gamlar upplýsingar. Stöðumiðlunarþjónar vinna með rauntímaupplýsingar sem veitir aukið öryggi gegn því að afturkölluðum skilríkjum sé treyst. Fyrirspurnir þessar eru reikningsfærðar samkvæmt gjaldskrá mánaðarlega eftir notkun. Við vanskil mun vottunarstöðin loka fyrir aðgang viðkomandi treystanda að stöðumiðlunarþjónum þangað til gengið hefur verið frá greiðslu.

### 4.2 Ábyrgð og áhætta

Nýting afturköllunarlista fremur en stöðumiðlunarþjóna er ákvörðun treystanda og alfarið á hans áhættu. Vottunarstöðin ber enga ábyrgð á því tjóni sem kann að leiða af því að treystandi velur að hagnýta upplýsingar sem sýna hugsanlega ekki rétta stöðu skilríkja. Afturköllunarlistar eru almennt örugg leið til staðfestingar á stöðu skilríkja en rauntíma stöðumiðlun býður upp

á aukið öryggi og er ráðlögð aðferð þegar hagsmunir treystenda eru miklir.

## 5 Skyldur og skuldbindingar treystenda

### 5.1 Áreiðanleiki skilríkja

Til þess að treystendur geti reitt sig af sanngirni á tiltekin skilríki sem vottunarstöðin gefur út skulu þeir:

- staðfesta gildi, tímabundna ógildingu eða afturköllun á mótteknum skilríkjum með nýjustu upplýsingum um afturköllunarstöðu, sbr. grein 4 hér að framan.
- taka tillit til allra takmarkana í notkun fullgildra skilríkja eins og þær eru birtar treystendum annað hvort í skilríkjunum sjálfum eða í þessum skilmálum.

Upplýsingamiðlun frá Auðkenni kemur ekki í veg fyrir skyldu treystenda til þess að kanna heimildir skilríkjahafa til beitingar skilríkjanna, svo sem umboð, fjárræði, aldur og þess háttar.

### 5.2 Sýnileiki skilmála

Treystendur skulu hafa skilmála þessa sýnilega handhöfum skilríkja þegar skilríkin eru hagnýtt í þeim tilgangi að skilríkjahafar geri sér grein fyrir því hvaða skilmálum og skilyrðum treystendur þurfa að hlíta.

## 6 Notkun skilríkja

Rafræn skilríki skulu aðeins notuð á þann hátt sem skýrt er frá í áskriftarsamningi skilríkjanna. Þar segir að áskrifendum, eftir atvikum skilríkjahöfum, sé veitt heimild til að nota rafrænu skilríkin til rafrænnar undirritunar, dulritunar eða auðkenningar áskrifanda, með þeim skilmálum sem greinir í áskriftarsamningi, á gildistíma skilríkjanna.

Heimildin takmarkast við notkunskilríkjahafa í tengslum við aðgerðir sem varða hann sjálfan.

## 7 Skyldur, skuldbindingar og ábyrgð Auðkennis

### 7.1 Takmörkun ábyrgðar

Vottunarstöð Fullgilds auðkennis er eingöngu ábyrg fyrir tjóni sem kann að verða vegna notkunar rafrænna skilríkja ef um er að kenna saknæmu eða ólögmetu athæfi starfsmanna vottunarstöðvarinnar eða aðila sem hún ber ábyrgð á, svo sem skráningarstöð. Takist einstaklingi, með svikum eða öðrum hætti að komast yfir rafræn skilríki áskrifanda þrátt fyrir grandsemi vottunarstöðvarinnar um vottun á skilríkjahafa, sbr. 9. gr., fellur það utan ábyrgðar vottunarstöðvarinnar.

Vottunarstöð Fullgilds auðkennis gerir ráðstafanir til þess að kanna lögræði áskrifenda og eftir atvikum umboð yfirlýsts lögráðamanns, eftir því sem unnt er. Vottunarstöðin ber ekki ábyrgð á tjóni sem treystendur telja sig verða fyrir verði misbrestur á könnun vottunarstöðvarinnar í þessum efnum.

Undir engum kringumstæðum (að öðru leyti en því sem tilgreint er í 17. gr. laga nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir) skal vottunarstöðin vera ábyrg fyrir nokkurs konar óbeinu, tilviljanakenndu eða afleiddu tjóni, þar með talið en ekki einskorðað við hvers konar missi á hagnaði, missi afnota, eða refsikenndum bóttum eða viðurlögum sem orsakast af eða í sambandi við notkun, afhendingu, leyfi, virkni eða óvirkni skilríkja, rafrænna undirskrifa, eða hvers konar framkvæmda eða þjónustu sem boðin er fram eða áformuð í tengslum við rafrænu skilríkin.

### 7.2 Lagaumhverfi

Í starfsemi sinni fer vottunarstöðin, auk hefðbundinna laga sem gilda um rekstur einkahlutafélaga, eftir eftirfarandi lögum; lög um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001, lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, og lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### 7.3 Tryggingar

Vottunarstöðin kaupir og viðheldur tryggingu fyrir hugsanlegum skaðabótakröfum á vottunar- og skráningarstöðvar, hvort heldur

er frá viðskiptavinum með samninga (áskrifendum) eða treystendum. Tryggingarupphæðin er ákvörðuð með hliðsjón af umfangi rekstrar vottunarstöðvarinnar hverju sinni.

## 8 Trúnaður og öryggi upplýsinga

### 8.1 Upplýsingar í skilríkjum

Vottunarstöð tekur á sig sérstakar skyldur til verndunar trúnaðarupplýsinga. Persónuupplýsingar hjá vottunarstöðinni eru flokkaðar á eftirfarandi hátt með tilliti til trúnaðar:

- Upplýsingar sem eru ekki skráðar í skilríki og afturköllunarlista eru trúnaðarupplýsingar.
- Upplýsingar sem eru skráðar í skilríki og afturköllunarlista eru opinberar upplýsingar. Persónugreinanlegar upplýsingar í skilríkjum eru einvörðungu birtar að fengnu samþykki áskrifanda og eftir atvikum skilríkjahafa.

Vottunarstöðin tryggir jafnframt að trúnaðarupplýsingar, þar á meðal persónuupplýsingar, séu verndaðar gegn uppljóstrunum og ekki notaðar til annars en þess sem nauðsynlegt er fyrir rekstur vottunarstöðvarinnar Auðkennis, sbr. m.a. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

### 8.2 Aðgengi þriðja aðila

Vottunarstöðin ábyrgist að veittar upplýsingar séu óaðgengilegar óviðkomandi þriðja aðila nema til komi skriflegt samþykki skilríkjahafa fyrir aðgangi þriðja aðila að upplýsingum. Aðilar skulu halda trúnað um allar upplýsingar sem þeim áskotnast í tengslum við notkun rafrænna skilríkja eða samskipti því tengd.

## 9 Upplýsingar um skilríkjahafa

### 9.1 Skráning upplýsinga

Skráningarstöð, sem kemur fram fyrir hönd vottunarstöðvarinnar gagnvart skilríkjahafa, skjalfestir grunnupplýsingar um áskrifanda, sbr. kafla 7.3.1 í vottunarstefnunni. Skráningarstöðin kannar gögn til að bera kennsl á áskrifanda skilríkja með viðeigandi hætti og gætir þess að nöfn og aðrar upplýsingar séu rétt færðar inn. Umsóknir um skilríki eru yfirfarnar og tryggt að þær innihaldi allar upplýsingar sem krafist er og byggi á gildu umboði áður en þær eru samþykktar.

### 9.2 Framkvæmd skráningar

Skráningarstöðin upplýsir áskrifanda um skilmála og skilyrði við notkun skilríkjanna. Auðkenni hans eru staðfest með viðeigandi aðferðum um leið og skráning fer fram. Nafn, kennitala og fæðingarstaður skilríkjahafa er staðfest með framvísun á vegabréfi, ökuskírteini eða nafnskírteini. Allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við auðkenningu skilríkjahafa, þ.m.t. tilvísanir í lög sem notuð eru til staðfestingar, eru skjalfestar. Að auki eru skráðar upplýsingar um það hvernig hægt sé að hafa samband við áskrifanda.

### 9.3 Varðveisla upplýsinga

Upplýsingar um skilríkjahafa eru varðveittar eins og nauðsynlegt er í þeim tilgangi að veita sönnun á vottun fyrir dómstólum. Áskrifendur eru upplýstir um að þær upplýsingar sem látnar eru í té við skráningu, tímabundna ógildingu og afturköllun skilríkja séu varðveittar þar til að liðnum 10 árum frá andláti áskrifanda.

### 9.4 Ábyrgð á upplýsingum

Um ábyrgð vottunarstöðvar á upplýsingum um áskrifendur fer skv. 17. gr. laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001 og lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga.

## 10 Aðgengi að skilmálum og skilyrðum

Á sérstakri vefsíðu vottunarstöðvarinnar, sem finna má á vef Auðkennis, [www.audkenni.is](http://www.audkenni.is), eru aðgengilegar auk þessara skilmála allar nauðsynlegar upplýsingar, þar með talið en ekki einskorðað við:

- Vottunarstefna vottunarstöðvarinnar.
- Takmarkanir á notkun skilríkja eftir því sem við á.
- Skyldur áskrifanda.
- Upplýsingar um það hvernig skuli staðfesta gildi skilríkjanna.
- Með hvaða hætti vottunarstöðin hefur verið metin með hliðsjón af samræmi við vottunarstefnu vottunarstöðvarinnar.

## 11 Aðgengi að upplýsingum um afturköllunarstöðu

Afturköllunarlistar skilríkja og rauntíma stöðumiðlun er öllum opin, sbr. þó grein 3.4. Markmið vottunarstöðvarinnar er að þjónustan sé ávallt starfhæf og að treystendur geti ávallt fengið upplýsingar um stöðu skilríkja. Stöðvist þjónustan eða liggi hún niðri af einhverjum ástæðum ber vottunarstöðin ekki bótaábyrgð á tjóni sem hlýst af.

## 12 Skyldur áskrifenda skilríkja

Um skyldur áskrifenda gilda ákvæði viðeigandi áskriftarsamninga sem treystendur geta kynnt sér á vef Auðkennis. Mikilvægt er að treystandi kynni sér efni þeirra ásamt vottunarstefnunni ítarlega áður en ákvörðun um traust er tekin. Í áskriftarsamningum koma m.a. fram eftirfarandi skyldur áskrifenda:

- að allar upplýsingar sem látnar eru í té við móttöku rafrænna skilríkja séu réttar og að þau opinberu skilríki sem áskrifandi lét í té séu ófölsuð og voru gild við móttöku rafrænu skilríkjanna,
- að áskrifandi hætti notkun rafrænna skilríkja og óski eftir því að Auðkenni afturkalli þau ef hann hefur ástæðu til að ætla að skilríkin hafi með einhverjum hætti verið misnotuð eða að öryggi einkalykils hans eða PKI PIN geti hafa verið stofnað í hættu á gildistíma skilríkjanna.,
- Áskrifandi samþykkir að tilkynna skráningarstöð þegar í stað ef villa er í útgefnum skilríkjum eða ef hann verður var við að rafrænu skilríkin virka ekki með þeim hætti sem ætlast er til. Notkun skilríkjanna skoðast sem samþykki á þeim upplýsingum sem þar koma fram.
- d)

## 13 Gildistími skilmála

Skilmálar þessir eru birtir á vef Auðkennis, þeir eru án gildistíma og taka gildi gagnvart treystanda um leið og treystandi hagnýtir þjónustu vottunarstöðvarinnar. Upplýsingar um nýja útgáfu skilmála þessara eru birtar á vef Auðkennis.

## 14 Lögsaga og varnarþing

Íslensk lög skulu ráða gildi skilmála þessara og túlkun ákvæða þeirra.

Rísi ágreiningur milli treystanda og Auðkennis vegna notkunar treystanda á þjónustu Auðkennis skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Rísi ágreiningur milli Auðkennis og áskrifenda eða annarra skilríkjahafa vísast til áskriftarsamninga þeirra við úrlausn. .